

Birna Lárusdóttir
Miðtúni 23
400 Ísafjörður

Ísafjörður, 2. maí 2019

Fræðslunefnd Ísafjarðarbæjar
b.t. Hafdísar Gunnarsdóttur, formanns

Efni: Snjallsímalausir grunnskólar í Ísafjarðarbæ

Með erindi þessu vil ég beina því til fræðslunefndar Ísafjarðarbæjar að hún hafi forgöngu um að grunnskólar sveitarfélagsins verði snjallsímalausir á skólatíma frá og með næsta hausti. Tillaga mín er sú að í góðu samráði við nemendur, kennara, foreldra og skólayfirvöld verði gerð tilraun til snjallsímaleysis í öllum árgöngum skólanna í eitt skólaár og árangurinn metinn að þeim tíma loknum.

Ég hef um nokkurt skeið talað fyrir snjallsímaleysi í Grunnskólanum á Ísafirði, bæði á síðu Foreldrafélags GÍ og á síðu árgangs dóttur minnar, sem er í 7. bekk við skólann. Hún er yngst af fjórum börnum mínum sem gengið hafa í GÍ. Ég hef fylgst með og deilt á síðunum fréttum af öðrum grunnskólum hér á landi, sem hafa valið að fara þessa leið, auk þess sem ég hef rætt málið við skólastjóra GÍ og formann fræðslunefndar.

Fjölmargir foreldrar hafa tekið undir málflutning minn, að því gefnu að nemendur megi áfram taka síma með í skólann svo hægt sé að ná í þá í lok skóladags. Einnig hafa kennarar við GÍ haft samband og talið nauðsynlegt að grípa inn í þróun mála til að bæta skólabraginn, sem þeir telja að hafi breyst mjög til hins verra á skömmum tíma fyrir tilstilli snjallsímanna. Samskipti nemenda séu minni og athygli nemenda skert þegar síminn er við hendina.

Til að færa rök fyrir tillögu minni læt ég fylgja með slóðir á fréttæfni frá tveimur skólum á höfuðborgarsvæðinu, Ölduselsskóla og Varmárskóla, sem báðir hafa valið að fara þessa leið. Einnig fylgir slóð á grein eftir formann fræðslunefndar Fjarðabyggðar, en sveitarfélagið hefur tekið upp snjallsímabann í grunnskólum sínum. Án efa væri hægt að leita eftir frekari upplýsingum um framkvæmd verkefnanna hjá öllum þessum aðilum.

Ölduselsskóli

http://www.ruv.is/frett/snjallsimar-ekki-leyfdir-a-skolatima?fbclid=IwAR0Jfn2x4tjvocZFCg8qrR35ENg2o4I7QSmtRPCzZRT47_aPAUclJsyUdY8

Varmárskóli

https://www.mbl.is/frettir/innlent/2019/01/30/snjallsimabann_baetti_skolabraginn/?fbclid=IwAR09JSe5bbwiKtKzu9YWMIIIGrSuXn6yzPY4Nfoxv6WwufcMxtV0Q6bDa1bY

Fjarðabyggð– grein formanns fræðslunefndar

<https://www.austurfrett.is/umraedan/nokkur-ordh-um-snjalltaeki-og-samfelagsmidhla?fbclid=IwAR2Z10D4AmJ2xcA956Vc4ok9s89LU4OSZU0xYQ5qRI6FJFd6Nbfed4c7s50>

Í þessu sambandi tel ég að orðið "snjallsímaleysi" sé jákvæðari nálgun en "bann" og má í því sambandi vísa í orðnotkunina "reyklaus skóli".

Það er einlæg von mín að fræðslunefnd taki vel í erindi mitt og taki það upp á sína arma. Nauðsynlegt er að ganga hratt til verks ef nást á að eiga gott samráð um málið fyrir skólalok í vor og taka verkefnið upp strax á nýju skólaári.

Með vinsemd og virðingu,

Birna Lárusdóttir
foreldri við Grunnskólann á Ísafirði